

Utandeild Keilusambands Íslands

Reglur fyrir Utandeild KLÍ keppnistímabilið 2024 – 2025
Síðast breytt: Reykjavík 31. Maí 2024

Keppnisfyrirkomulag

- Keppnistímabilið er frá október og fram í apríl/maí
- Keppt er einu sinni í mánuði á miðvikudögum og hefst upphitun fyrir kl. 19:30.
- Keppt er í 3ja manna liðum og er ein viðureign í hverri umferð en leiknar eru 3 umferðir á hverju kvöldi og tekur keppni um 2 klst.
- Liðunum sem taka þátt í keppninni verður skipt upp í riðla og fer fjöldi riðla eftir fjölda liða sem skrá sig til keppni. Dregið er um hvaða lið leika saman í riðli en tekið verður tillit til óska liða ef einhver lið vilja vera saman í riðli.
- Leikið er þrisvar sinnum allir við alla.
- Keilusamband Íslands er framkvæmdaraðili keppinnar og skipar mótsstjórn Utandeildar. Tveir umsjónarmenn verða á hverju keppniskvöldi.

Þátttaka

- Rétt til þátttöku hafa allir sem áhuga hafa og geta myndað 3 manna lið og þurfa liðsmenn ekki að vera skráðir í keilufélag eða keiludeild. Hvert lið skal skipað a.m.k. þremur leikmönnum, en að hámarki geta verið skráðir 8 leikmenn í lið. Hver leikmaður getur eingöngu spilað með einu liði í utandeild á hverju keppnistímabili.

Keppnisreglur

- Reglur eru einfaldar, enginn dómari og er það á ábyrgð fyrirliða hvers liðs að keppni fari heiðarlega fram. Hver umferð er leikin á tveimur brautum og leika liðsmenn til skiptis á hvorri braut. Áður en keppni hefst fá allir leikmenn liðs upphitun. Hægt er að skipta um alla leikmenn liðs á milli leikja.
- Frestun viðureigna er ekki heimil en ef lið mætir til keppni með tvo keppendur eru veitt 130 stig fyrir hvern leik í fjarveruskor (blindskor) fyrir þriðja leikmanninn. Engin forgjöf er á blindskor.
- Í upphafi leikkvölds skal skila til umsjónarmanna nöfn og röð þeirra leikmanna sem hefja leik og gildir sú röð fyrir það leikkvöld. Varamaður skal leika í sömu rásröð og maðurinn sem hann kemur inn á fyrir lék í. Varamenn mega aðeins koma inn á í nýjum leik, þ.e. eftir að 1. eða 2. leik er lokið og áður en nýr hefst. Tilkynna þarf umsjónarmönnum um breytingar á liði.

Skor og stigagjöf

- Skrá skal niður á skorblað fullt nafn og skor hvers keppanda í hverjum leik og er samanlagt skor þeirra þriggja keppenda liðs, sem keppa í hverjum leik, skor liðsins í leiknum.
- Veitt eru 2 stig fyrir sigur liðs í hverjum leik umferðar, einnig fá þeir leikmenn sem sigra andstæðing sinn 2 stig.
- Ef notast er við blindskor þá getur blindur ekki fengið stig þó að andstæðingur hans fá færri pinna í lok leiks. Þannig að í hverri viðureign getur lið mest fengið 8 stig. Fyrir jafnt skor í viðureigninni fær hvort lið/einstaklingur eitt stig.

- Þegar viðureigninni er lokið og búið er að fylla skorblaðið út skulu fyrirliðar hvors liðs kvitta undir það og skila til fulltrúa mótsstjórnar. Að lokinni hverju keppniskvöldi eru tekin sama stig liða, skor liðs og skor keppenda og reiknað út meðaltal liðs og meðaltal keppenda.
- Úrslit, staða og uppfærð forgjöf er birt á heimasíðu deildarinnar.
- Að lokinni riðlakeppni komast 2 stigahæstu liðin úr hverjum riðli í úrslitakeppni og tekur liðið í 1. sæti með sér 2 stig og lið í 2. sæti tekur með sér 0 stig. Ef tvö eða fleiri lið eru jöfn að stigum fer röðin eftir hærra heildarskori liðs með forgjöf.

Úrslitakeppnin

- Í úrslitum er liðunum sem komust áfram skipt upp í 2 riðla. Í riðil A eru lið úr riðlum 1 og 2. Í riðil B eru lið úr riðlum 3 og 4.
- Ef einungis næst í 3 riðla þá fara 2 efstu lið hvers riðils í úrslit og tekur efstaliðið með sér 2 stig í úrslitakeppnina. Leikið er allir við alla (5 leikir). Að loknum 5 leikjum er það lið sem er efst Utandeildarmeistari.
- Leika liðin einfalda umferð eftir sama fyrirkomulagi. Það lið sem hefur flest stig að þessum leikjum loknum fer áfram í úrslit þar sem það mætir liðinu úr hinum riðlinum.
- Ef tvö eða fleiri lið eru með jafnmörg stig sigrar það lið sem er með hærra meðaltal úr úrslitakeppninni. Ef það er jafnt gildir meðaltal úr forkeppninni og ef það er jafnt skal hlutkesti ráða úrslitum.
- Veitt eru verðlaun fyrir tvö efstu sætin í deildinni og hlýtur sigurvegarinn auk þess veglegan farandgrip til varðveislu í eitt ár.

Forgjöf

- Leikið er með forgjöf sem leggst við skor keppanda í hverjum leik.
- Forgjöfin er 100% af mismun á meðaltali keppanda og 220 en hámarks forgjöf er þó 100 pinnar. Meðaltal og forgjöf skulu upp reiknuð eftir hvert keppniskvöld.
- Til ákvörðunar á forgjöf í fyrstu umferð keppanda er notuð forgjöf úr utandeildinni á síðasta tímabili og skal sú forgjöf vera upphafsforgjöf keppanda í mótinu.
- Ef keppandi lék ekki í utandeildinni á síðast liðnu tímabili skal notað allsherjar meðaltal KLÍ en ef keppandi hefur ekki skráð meðaltal skal miðað við 120 í meðaltal við ákvörðun forgjafar.
- Keppendur sem eiga skráð meðaltal í allsherjar meðaltali KLÍ skulu nota forgjöf m.v. það meðaltal eða Utandeildar meðaltal, hvort sem reynist hærra.

Þátttökugjald og brautarleiga

- Þátttökugjald í utandeildinni er kr. 80.000 og skal greiða þátttökugjaldið fyrir fyrstu umferð, að öðrum kosti fær viðkomandi lið ekki að hefja keppni.